




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# ALMA SPILAR SIBELIUS



**25. MAÍ 2018**

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út 31. maí nk.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Alina Pogostkina hleypur í skarðið fyrir Janine Jansen sem hefur þurft að aflýsa öllum tónleikum sínum undanfarnar vikur vegna veikinda.

### Áætluð tímalengd verka:

Ciel d'hiver: 10'

Fiðlukonsert: 33'

Konsert fyrir hljóm sveit: 37'

Upptökur með Sinfóníuhljóm sveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljóm sveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



FOSS 25 MAÍ 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# ALINA SPILAR SIBELIUS

---

**Daniel Blendulf**  
hljómsveitarstjóri

---

**Alina Pogostkina**  
einleikari

---

---

## EFNISSKRÁ

Kaija Saariaho  
**Ciel d'hiver** (2013)

Jean Sibelius

**Fiðlukonsert í d-moll, op. 47** (1903-4/1905)

Allegro moderato – Molto moderato e tranquillo – Allegro  
molto – Moderato assai – Allegro moderato

Adagio di molto

Allegro ma non tanto

## Hlé

Béla Bartók

**Konsert fyrir hljómsveit** (1943)

Introduzione: Andante non troppo – Allegro vivace

Giuoco delle coppie: Allegretto scherzando

Elegia: Andante non troppo

Intermezzo interrotto: Allegretto

Finale: Pesante – Presto

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



---

# DANIEL BLENDULF

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**S**víinn Daniel Blendulf er einn athyglisverðasti hljómsveitarstjóri Norðurlanda af sinni kynslóð. Hann er fæddur árið 1981 og hóf feril sinn sem sellóleikari en hefur á undanförunum árum snúið sér æ meir að hljómsveitarstjórn. Árið 2008 vann hann til Sænsku hljómsveitarstjóra-verðlaunanna (Svenska Dirigentpriset), sem veitt eru efnilegum ungum stjórnanda, og árið 2014 hlaut hann Herbert Blomstedt verðlaunin en þau eru kennd við hinn þekktu sænska hljómsveitarstjóra.

Blendulf er aðalstjórnandi og listrænn ráðgjafi Dalasinfóníettunnar í Svíþjóð en kemur auk þess fram reglulega með öðrum sænskum hljómsveitum, svo sem Konunglegu filharmóníusveitinni í Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveit sænska útvarpsins og Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar. Hann hefur einnig stjórnað hljómsveitum utan sænskrar landhelgi og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit finnska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveit Álaborgar, Velsku þjóðarhljómsveitina, Sinfóníuhljómsveitina í Sidney og Sinfóníuhljómsveit Nýja Sjálands. Í vetur þreytti hann frumraun sína með sinfóníuhljómsveitunum í Singapore og í Queensland, Ástralíu og í ágúst mun hann í fyrsta sinn koma fram með Camerata Salzburg þegar hann stjórnar tvennum tónleikum sveitarinnar á tónlistarhátíðinni í Slésvík-Holtsetalandi.

Blendulf hefur ekki áður unnið með Sinfóníuhljómsveit Íslands en þess má geta að í janúar síðastliðnum stjórnaði hann flutningi Konunglegu filharmóníusveitarinnar í Stokkhólmi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, *Aeriality*.



---

# ALINA POGOSTKINA

## EINLEIKARI

**A**lina Pogostkina fæddist í Leníngrad (nú Sankti Pétursborg) árið 1983 en fluttist átta ára gömul til Þýskalands ásamt foreldrum sínum sem bæði eru fiðluleikarar. Faðir hennar var enda fyrsti kennari hennar en hún stundaði síðar nám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Pogostkina sigraði í Sibeliusar-fiðluleikþingunni í Helsinki árið 2005 og hefur síðan stigið á svið í mörgum virtustu tónleikasölum heimsins. Hún er tíður gestur á hátíðum eins og þeim í Salzburg, Björgvin og Edinborg og hefur leikið undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, Gustavo Dudamel, Jonathans Nott, Paavo Järvi og Johns Storgårds, svo einhverjir séu nefndir. Gagnrýnendur hafa lofað tilfinningaríka tjáningu hennar, safaríkan tón og leiftrandi tækni.

Í vetur hefur Pogostkina meðal annars komið fram með Sinfóníuhljómsveit BBC undir stjórn Sakari Oramo, Konunglegu filharmóníusveitinni í Stokkhólmi undir stjórn Karl-Heinz Steffens og Útvarpshljómsveitinni í Berlín þar sem Osmo Vänskä hélt um tónsprotann. Í haust þreytti hún frumraun sína með Hátíðarhljómsveitinni í Búdapest og lék þá einmitt fiðlukonsert Sibeliusar undir stjórn Marinar Alsop.

Auk þess að koma fram með sinfóníuhljómsveitum leikur Pogostkina gjarnan kammertónlist. Af samverkamönnum hennar á þeim vettvangi má nefna Steven Isserlis, Yuri Bashmet, Gidon Kremer, Pekka Kuusisto og Joshua Bell. Hún stundaði nám í barokkfiðluleik hjá Reinhard Goebel í Mozarteum í Salzburg og hefur komið fram ásamt honum með finnsku barokksveitunum Tapiola Sinfonietta og Helsingin Barokkiorkesteri og með Sinfóníuhljómsveit WDR í Köln. Pogostkina leggur rækt við samtímatónlist ekki síður en hina eldri og hljóðritaði til að mynda árið 2012 öll fiðluverk lettneska tónskáldsins Pëteris Vasks.

Alina Pogostkina leikur á fiðlu sem Antonio Stradivari smíðaði árið 1717. Sú er kennd við Sasserno greifa sem átti hana á 19. öld en Pogostkina hefur hana að láni frá Nippon Music Foundation.



# KAIJA SAARIAHO

## CIEL D'HIVER

**K**aija Saariaho (f. 1952) er eitt þekktasta núlifandi tónskáld Norðurlanda og hefur hlotið ótal viðurkenningar fyrir list sína, svo sem Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs (2000), Sibeliusarverðlaunin (2009), dönsku Léonie Sonning tónlistarverðlaunin (2010) og sænsku Polar-verðlaunin (2013). Saariaho hefur búið og starfað í París um árabíl en þangað fluttist hún árið 1982 til þess að leggja stund á raf- og tölvutónsmíðar við IRCAM rannsóknarstöðina. Áður hafði hún numið við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og við tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi auk þess sem hún sótti hin frægu sumarnámskeið tónskálda í Darmstadt.

Hljómsveitarverk Kaiju Saariaho báru þess skýr merki framan af hversu handgengin hún er elektrónískri tónlist. Þau einkenndust af þykkingu tónvef sem umbreyttist í hægum skrefum. Á síðari árum hefur Saariaho getið sér gott orð fyrir óperur sínar, ekki síst *L'Amour de loin* (Ást úr fjarska) sem var frumsýnd á Salzburgerháttíðinni árið 2000 og hefur síðan verið sett upp víða, meðal annars í Metropolitan-óperunni í New York í fyrravetur. Óperuskrifin og önnur verk Saariaho fyrir söngrodd þykja hafa haft áhrif á tónsmíðar hennar fyrir hljómsveit þar sem nú fer meira en áður fyrir laglínnum og reglulegum tónmynstrum.

*Ciel d'hiver* (Vetrarhiminn) var upphaflega annar þáttur af þremur í hljómsveitarverkinu *Orion*, sem Saariaho samdi árið 2002 að beiðni Cleveland-hljómsveitarinnar, en árið 2013 útbjó hún þáttinn sem sjálfstætt hljómsveitarverk. Það er hægferðug tónsmíð, tónvefurinn gæti minnt á Vetrarbrautina — en hér tindra líka stakar stjörnur og ef til vill hattar fyrir stjörnuhrapi. Verkið hefst á sóló píkkólóflautunnar, síðan tekur einleiksfiðla við laglínunni og þar næst klarínett, óbó og dempaður trompet; hljómsveitin breiðir stjörnuteppe undir. Smám saman þykkjar hljómsveitarparturinn en undir lokin hægist enn á tempóinu, við heyrum í píanóinu sem eins og leiðir okkur lengra út í geiminn og markar, ásamt slagverki, lok verksins.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tónsmíð eftir Saariaho heyrðist fyrst hérlendis í Ríkisútvarpinu árið 1980 þegar Knútur R. Magnússon kynnti verk frá tónlistarháttíðinni Ung nordisk musik í Helsinki. Tveimur árum síðar var hátíðin haldin í Reykjavík og þá var verkið *Im Traume* fyrir selló og píanó flutt á tónleikum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Verk Saariaho hafa síðan hljómað nokkrum sinnum hér á landi, meðal annars á Myrkum músík-dögum, og á liðnu ári rötuðu tvö verka hennar á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands: Kari Krikku flutti klarínettukonsertinn *D'om le vrai sens* með sveitinni í janúar og Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari lék einleiksverkið *Sept Papillons* á föstudagstónleikum í mars.



# JEAN SIBELIUS

## FIDLUKONSERT Í D-MOLL, OP. 47

Jean Sibelius (1865–1957) lauk við aðra sinfóníu sína árið 1902 og hóf þá fljótlega að huga að smíði fiðlukonserts, ekki síst fyrir hvatningu vinar síns Axels Carpelan og þýska fiðluleikarans Willy Burmester. Um þetta leyti voru tónsmíðar Sibeliusar farnar að vekja athygli á meginlandi Evrópu, sinfóníurnar tvær voru leiknar í virtum tónleikasöllum og smærri verkin *Finlandia* og *Valse triste* slógu í gegn. Sibelius var samt í endalausum kröggum og slarksamt lífernir hans leyfði ekki alltaf þá reglusemi sem þarf til að koma stórum verkum af. Haustið 1903 var hann þó kominn vel á veg með fiðlukonsertinn og honum lá á að fá hann fluttan, líklega af fjárhagsástæðum. Hann hætti því við að láta Burmester fá verkið og fól það í staðinn Viktor Nováček, fiðlukennara við tónlistarskólann í Helsinki. Frumflutningurinn í mars 1904 gekk ekki vel. Nováček réði illa við stykkið og gagnrýnendur töldu það gallað; tónskáldinu tækist ekki að fella tónhugmyndirnar nægilega vel saman í heild. Sibelius lagði verkið því til hliðar en tók það fram að nýju ári síðar, stytta það og umsamdi að nokkru leyti. Í þeirri gerð var það frumflutt í Berlín af fiðluleikaranum Karli Haliř undir stjórn sjálfs Richards Strauss. Konsertinn varð brátt eitt vinsælasta verk tónskáldsins og upphalds viðfangsefni fiðluleikara. Sibelius hafði sjálfur byrjað feril sinn sem fiðluleikari og þekkti möguleika hljóðfærisins út og inn. Hann gefur einleikaranum færi á að sýna leiftrandi fingrafimi í hröðum hlaupum og krefjandi tvígrípsköflum en ljær honum einnig undurfallegar laglínur til að móta.

Konsertinn hefst einmitt á óhemju fallegu stafi sem fiðlan syngur við undirleik strengjanna og með stöku andsvári frá klarínetti og fagotti. Það gildir hér sem annars staðar í verkinu að einleiksfíðlan er sjálfstæð gagnvart hljómsveitinni: hún ýmist ber stefin uppi eða leikur undir (og yfir!) þegar hljómsveitin tekur við þeim, en það er lítið um að einleikarinn og hljómsveitin kallist á eða leiki saman eins og er aðalsmerki konserta frá klassíska tímabilinu. Einleikskadensa fyrsta þáttar kemur ekki undir lok hans, eins og tíðkaðist á fyrri tíð, heldur um miðbikið og gegnir hlutverki úrvinnslu áður en kemur að ítrekun stefjanna úr upphafinu. Hægi þátturinn er rómansa með munúðarfullum línunum, sem virðast teygja sig endalaust upp á við, en lokapátturinn er í sönötuformi eins og sá fyrsti, keyrður áfram af rytmískum stefjum, nokkuð groddalegum í bland. Ekkert skortir þó á virtúósiskan léttleika í einleikspartinum – fingur fiðluleikarans dansa upp og niður gripbrettið allt til hinsta tóns.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þorvaldur Steingrímsson varð fyrstur til þess að leika fiðlukonsert Sibeliusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, á tónleikum í Þjóðleikhúsinu 24. mars 1959. Fimm árum síðar var komið að Einari Grétari Sveinbjörnssyni sem flutti konsertinn í Háskólabíói undir stjórn Olavs Kjelland. Verkið hljómaði síðan margoft í bíóinu, meðal annars í flutningi Arve Tellefsen, Ithzaks Perlman, Guðnýjar Guðmundsdóttur og Sigrúnar Eðvaldsdóttur. Judith Ingólfsson lék svo konsertinn í rómaðri tónleikaferð Sí um Bandaríkin árið 2000. Konsertinn hefur heyrt tvisvar sinnum í Eldborg, á tónleikum ungra einleikara árið 2014 þar sem Rannveig Marta Sarc fór með einleikshlutverkið og 2016 í flutningi Estherar Yoo.



# BÉLA BARTÓK

## KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT

Béla Bartók (1881–1945) var fæddur í Nagyszentmiklós, litlum bæ sem þá var í Ungverjalandi en er nú í Rúmeníu. Á unglingsárum hans bjó fjölskyldan í borginni Pozsony, sem nú heitir Bratislava og er í Slóvakíu, en tvítugur að aldri fluttist Bartók til Búdapest þar sem hann átti heima í hartnær fjörutíu ár, allt þar til hann settist að í Bandaríkjunum árið 1940. Á uppvaxtar- og ungdómsárum Bartóks var Ungverjaland hluti austurrísk-ungverska keisaradæmisins sem taldi innan sinna vébanda margar þjóðir. Menning svæðisins var eftir því fjölbreytt og í stærri bæjum mátti heyra talað á ýmsum tungum. En þetta voru einnig tímar vaknandi þjóðerniskenndar og vitundar um þjóðlega menningu. Bartók upptendraðist af áhuga á ungerskum þjóðlögum og komst fljótlega að því að mikill fjársjóður bjó einnig í tónlistararfi annarra þjóðarbrotá. Hann fór í leiðangra um landið og skrifaði upp og hljóðritaði söngva bændafólks á ungersku, rúmensku, slóvakísku og búlgörsku. Seinna hélt hann enn lengra í söfnunarferðir, svo sem til Tyrklands og Alsír. Reynsla hans af þessari tónlist, rannsóknir á henni og útsetningar höfðu afgerandi áhrif á hans eigin tónsköpun, þó ekki í þeim skilningi að hann skreytti verk sín með þjóðlagastefjum heldur hafði hann sökkt sér svo rækilega ofan í heim bændatónlistarinnar að hún líkt og andaði í gegnum hann þótt verk hans væru vitaskuld fyrst og fremst mörkuð hans eigin persónuleika og skapandi tónlistarhæfileikum.

Bartók unni föðurlandi sínu og hefði sjálfsagt borð þar beinin ef ekki hefði komið til umrót síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann og kona hans, píanóleikarinn Edith Pásztory, ákváðu að flytjast úr landi og kvöddu Búdapest með hljómleikum 8. október 1940. Þau settust að í New York þar sem við tóku erfið ár. Verkefni voru stopul og efnahagurinn eftir því, auk þess sem heilsu Bartóks hrakaði. Þau hjón áttu þó hauka í horni þar sem voru landar þeirra fiðluleikarinn Joseph Szigeti og hljómveitarstjórinn Fritz Reiner. Þeir leituðust við að greiða götu þeirra í nýja landinu og komu því meðal annars í kring að Sinfóníuhljómsveitin í Boston, sem var undir stjórn Rússans Serge Koussevitzky, pantaði verk hjá tónskáldinu. Bartók hafði þá ekkert samið í nærri þrjú ár en nú varð *Konsert fyrir hljómveit* til á innan við tveimur mánuðum haustið 1943.



Verkið var frumflutt af Boston-hljómsveitinni við góðar undirtektir þann 1. desember 1944 og við það tækifæri lýsti Bartók byggingu þess svo í efnisskrá:

„Fyrsti og fimmti þáttur eru í nokkurn veginn hefðbundnu sönötuformi. Í úrvinnslu fyrsta þáttar leika málmblásarar *fugato*-stef; framsaga lokaþáttarins er lengd dálítið og úrvinnslan þar er í formi fúgu sem er byggð á lokastefi framsögunnar.

Annar og þriðji þáttur eru ekki jafn hefðbundnir í formi. Meginefni annars þáttar er röð fimm sjálfstæðra kafla sem eru fyrst leiknir á blásturshljóðfæri, tvö og tvö í senn (fagott, óbó, klarínnett, flautur og dempaða trompeta). [...] Þar á eftir fylgir eins konar tríó-kaflí — stuttur kórall fyrir málmblásara og trommu — og síðan eru kaflarnir fimm endurteknir í viðameiri útsetningu.

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék konsert Bartóks í fyrsta sinn á tónleikum í desember 1972 undir stjórn Páls Pampichlers Pálssonar. Síðan hefur verkið hljómað átta sinnum í flutningi sveitarinnar, gjarnan undir stjórn finnskra hljómsveitarstjóra: Osmo Vänskä, Susönnu Mälkki og Petri Sakari en sá síðastnefndi hefur í þriggja stjórn að konsertinum á tónleikum Sí.

Þriðji þáttur byggist líka á eins konar keðju; hér eru það þrjú stef sem heyrast hvert á eftir öðru og mynda kjarna þáttarins en utan um þau er hjúpur einfaldari stefja. Stefjaefni þáttarins er að mestu sótt í inngangskafli fyrsta þáttar. Byggingu fjórða þáttar — *Intermezzo interrotto* — mætti lýsa með bókstöfunum A B A – rof – B A.

Ef hinn gáskafulli annar þáttur er undanskilinn, má segja að hugblærinn í verkinu þróist smám saman frá alvöru upphafsþáttarins, gegnum tregafullan sorgaróð þriðja þáttar og yfir í lífsviljann sem birtist í lokaþættinum.“

*Svanhildur Óskarsdóttir*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

25. MAÍ 2018

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Pascal La Rosa  
Andrzej Kleina  
Lin Wei  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Júliana Elín Kjartansdóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Greta Guðnadóttir  
Christian Diethard  
Roland Hartwell  
Rannveig Sarc  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Gunnhildur Daðadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen  
Lovísa Fjeldsted  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Cecilie Hesselberg Løken  
Magnea Árnadóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Daniel Bogorad  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Baldvin Tryggvason

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Bryndís Þórsdóttir

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Baldvin Oddsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## CELESTA

Valgerður Andrésdóttir

## PÁKUR

Soraya Nayyar

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott **ástarsamband**, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)

TÓNVERK ÁRSINS  
DANÍEL BJARNASON - MAÐUR ÁRSINS  
Á ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM 2018

DANÍEL BJARNASON

# BROTHERS

Mögnuð óperuupplifun

9. JÚNÍ 2018 Í ELDBORG

Aðeins ein sýning!



— Ascolta —

Hljómsveitarstjóri **Daníel Bjarnason** · Leikstjóri **Kasper Holten**  
Libretto **Kerstin Perski** · Leikmynd og búningar **Steffen Aarfing**  
Ljósahönnuður **Ellen Ruge** · Myndbandsverk **Signe Krogh**

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Oddur Arnþór Jónsson · Marie Arnet · Selma Buch Örum Willumsen · Elmar Gilbertsson  
Þóra Einarsdóttir James Laing · Jakob Zethner · Hanna Dóra Sturludóttir  
Paul Carey Jones · Kór Íslenzku Óperunnar

MIÐASALA Á [WWW.OPERA.IS](http://WWW.OPERA.IS)



ÍSLENSKA ÓPERAN